



337. fundur Afrekssjóðs ÍSí

23. september 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Pórey Edda Elísdóttir (PE), Daníel Jakobsson (DJ), Stefán Jóhannesson (SJ),

Fjarverandi: Kári Mímisson (KM)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð

1. Niðurfellingar 2024

Umræða fór fram um niðurfellingar 2024. Búið er að ljúka yfirferð á uppgjörum hjá um 2/3 sérsambanda. Ákvarðanir um tillögur niðurfellinga frestað til næsta fundar.

2. Úthlutun 2026.

Umræða fór fram um uppfærslu á reglum. Ekki talið rétt að breyta reglum mikið á þessum tímapunkti. Ný stjórn rétt ný mönnuð og ekki náð að rýna reglugerðina. Stefna að því í janúar 2026. Reglugerð í vinnslu hjá lögfræðingi sambandsins og verður lögð fyrir framkvæmdastjórn á næsta fundi.

Umræða fór fram um afrekspætti og fjárhæðir ákveðinna þátta og heildarúthlutun. Stefnt að því að úthluta um 800mkr. að því gefnu að 300mkr. af nýju afreksefé fái inn í Afrekssjóð líkt og vegna 2025. Ekki sé rétt að ganga á sjóðinn líkt og hefur verið undanfarin ár heldur styrkja frekar eigið fé hans.

Unnið út frá því að hafa sömu forsendur og árið 2025. Rætt var um að auka vægi stærstu móta í umfangi og hækka hæsta stuðulinn úr 1,25 í 1,5.

3. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12.52